

Þskj. 69 – 69. mál, 138. löggjafarþing 2009-2010

Athugasemdir við frumvarp til laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu segir m.a.: „Svo að þessi leið skili árangri þarf að tryggja að niðurfellingar skulda eða skuldbreytingar sem fela í sér tilhliðranir í vaxtakjörum myndi ekki skattstofn hjá lántökum, enda er efnislega verið að fella niður skuldir sem ekki er gjaldþol fyrir eða tryggingar og mundu því hvort sem er sjaldnast hafa myndað skattstofn hefðu þær verið felldar niður samkvæmt hefðbundinni fullnustumeðferð.“

Einnig segir: „Frumvarpið gerir kröfuhöfum kleift að færa fjárskuldbindingar einstaklinga, fyrirtækja og heimila niður til raunvirðis, án þess að niðurfellingin teljist til skattskylds eignaauka hjá skuldara.“ og „Tryggt þarf að vera að eftirgjöf skulda sem sannanlega eru glataðar myndi ekki skattstofn hjá þeim sem hennar nýtur.“

Engin sérstök ákvæði eru í frumvarpinu um skattalega meðferð og engar tillögur fram komnar um breytingar á tekjuskattslögum vegna þess. Reyndar segir í greinargerð: „Í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt er þegar að finna ákvæði um skattalega meðferð eftirgjafar skulda bæði hjá einstaklingum og rekstraraðilum sem er nánar útfærð í reglugerð nr. 534/2009 að því er varðar einstaklinga. Ekki verður annað sé en að sá lagarammi og nánari útfærsla í reglugerð sé í algjörum takti við þær tillögur sem í frumvarpinu felast. Áfram verður unnið að því með skattyfirvöldum og öðrum aðilum er málið varðar að tryggja eins hnökralausa framkvæmd og mögulegt er til að ná fram markmiðum frumvarpsins.“

Þrátt fyrir fögur fyrirheit í greinargerð er hættu á að gildandi ákvæði í tekjuskattslögum og reglugerð nr. 534/2009 skapi ekki þá tryggingu fyrir ívilnandi meðferð sem að er stefnt.

- Vafasamt fyrir einstaklingum
- Algjörlega ófullnægjandi hjá fyrirtækjum

Staða einstaklinga:

- Skattfrelsi á grundvelli 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga sbr. reglugerð nr. 534/2009 gengur út frá því að formlegt mat á raunverulegri greiðslugetu hvers skattaðila fari fram.

- Frumvarpið virðist opna á að ekki sé endilega horft á og leitt í ljós raunverulega greiðslugetu hvers og eins einstaklings (skattaðila):
 - Virðist gengið út frá því að staða skuldara á heimili sé metin heildstætt
 - Virðist opna á framkvæmd hjá kröfueigendum (fjármálafyrirtækjum) sem eru á einhvern máta stöðluð, þ.e. horft á flokka skuldara.
 - Greiðslujöfnun virðist vera almennur réttur, gæti leitt til þess síðar að felld yrði niður þó greiðslugeta hafi á einhverjum tímapunkti verið til staðar.
- Því virðist sem hættu sé á að í vissum tilvikum falli þetta ekki undir gildissvið 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga.

Staða fyrirtækja

Gildandi tekjuskattslög gera ráð fyrir að öll eftirgjöf skulda sé skattskyld hjá rekstraraðilum.

Úr bréfi ríkisskattstjóra frá 03.12.2008:

Samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 teljast allar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi til skattskyldra tekna. Eru í dæmaskyni taldar upp nokkrar tegundir tekna jafnframt því að vísað er til annarra staflíða lagagreinarinnar og tekið fram að hvers konar tekjur sem þar séu upp taldar og tengist atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi séu skattskyldar tekjur rekstraraðila.

Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 segir að ekki skuli telja til tekna eignaauka sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Í lögnum eru engin frekari bein ákvæði um eftirgjöf skulda. Er undanþága frá skattlagningu því einungis heimil ef ekki er um að ræða tengsl við atvinnurekstur og eingöngu ef um er að ræða eftirgjöf í tengslum við nauðasamninga, enda verður að skýra allar undantekningar frá rúmu tekjuhugtaki laganna þröngt.

Að öllu framangreindu virtu ber að telja eftirgjöf skulda þeirra sem stunda atvinnurekstur þeri ætíð til tekna í rekstrinum, hvort heldur um er að ræða rekstur sjálfstætt starfandi einstaklings eða lögaðila. Að svo vöxnu verður að svara hinni almennu spurningu sem fram kemur í fyrirspurn játandi að því er varðar skattskyldu í hendi þess rekstraraðila sem nýtur niðurfellingar skuldar. Um er að ræða tekjur samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003.

- Ljóst að frumvarpið nær alls ekki því markmiði sem ítrekað kemur fram í umfjöllun í greinargerð að skapa ekki skattskyldu.
- Í raun heldur ekki eðlilegt hjá rekstraraðilum að ganga svo langt þar sem þeir hafa fengið að gjaldfæra kostnað í rekstri og eftir atvikum mynda yfirfæranlegt tap.
- **Eðlilegt er því að eftirgjöf skulda eigi að tekjufæra að því marki sem til staðar er yfirfæranlegt tap.**
- Staðan er hins vegar oft á tíðum sú að ekki til staðar nægjanlegt skattalegt tap til að dekkja tekjufærsluna sem leiðir af niðurfellingunni. Þegar niðurfærslan er liður í

ráðstöfunum til að koma viðkomandi fyrirtæki í rekstrarhæfa stöðu (hvort sem þetta gerist í gegnum formlega nauðasamninga eða með þeim úrræðum sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins) þá kemur það heldur spánskt fyrir sjónir ef niðurfærslan leiðir til þess að jákvæður skattstofn myndast.

- Í gildandi tekjuskattslög vantar ákvæði samsvarandi þeim sem eru t.d. í Danmörku sem kveður á um að þegar eftirgjöf skulda er liður í almennum greiðsluferfiðleikaúrræðum þá takmarkist tekjufærslan við fjárhæð yfirfæranlegs taps.

Mikilvægt er að hafa í huga að þau tilvik sem höfð eru í huga hér að framan eru þegar ganga þarf svo langt í eftirgjöf skulda að skattalegt tap dugar ekki eru tilvik þar sem núverandi eigendur eru í raun búnir að missa eignarhald á fyrirtækjunum. Verið er að reyna að bjarga rekstri með formlegum eða óformlegum nauðasamningum.